Nd. 690. Tillaga til þingsályktunar

um útgáfu á Njálssögu.

Flm.: Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða fyrir, eftir því sem þarf, að menntamálaráð og þjóðvinafélagið gefi Njálssögu út nú á þessu ári í vandaðri heimilisútgáfu handa félagsmönnum sínum.

Greinargerð

Þegar það var hljóðbært árið 1941, að í ráði væri að gefa út Laxdælu með nútímastafsetningu, eins og það var orðað, risu um það háværar deilur í blöðum og manna á milli. Flestir fordæmdu þetta tiltæki og töldu það með öllu óþarft að breyta stafsetningu eða öðru, þar sem hver sæmilega læs unglingur gæti lesið og skilið fornrit okkar til hlítar, héldu því hins vegar fram, að slík útgáfa mundi einungis skemma og rýra gildi hinna ágætu fornrita vorra. Alþingi brá og skjótt við og samþykkti lög (nr. 127 9. des. 1941), þar sem settar eru hömlur við þessari skemmdarstarfsemi, en auðsætt er, að rammari skorður þarf að reisa gegn þessu, ef duga skal, enda hefur komið fram vilji nú í vetur á Alþingi til þess.

Nú fyrir skömmu er fallinn dómur um þessa útgáfustarfsemi frá þeim mönnum, sem dómbærastir eru í þessum efnum allra Íslendinga, sem sé kennurum við norrænudeild háskólans, í áliti, er þeir gáfu háttv. menntamálanefnd efri deildar Alþingis nú í vetur um Laxdæluútgáfu Halldórs Kiljans Laxness, sem vér leyfum oss að birta hér orðrétt, þar segir:

„A. **Meðferð máls.** Við samanburð á þessari útgáfu og útgáfu þeirri, er hún byggist á, kemur í ljós, að fjölmörgu því máli, sem á engan hátt verður talið til stafsetningar, er breytt: a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndum. b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bætt inn. d. Skipt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann.

Á fundi menntamálanefndar h. 22. þ. m. voru færð mörg dæmi þessu til sönnunar, og teljum við þarflaust að endurtaka þau hér, enda auðvelt hverjum þeim, er nennir, að ganga úr skugga um þau. Hins vegar viljum við taka fram, að við teljum allar þessar breytingar til skemmda á máli og stíl sögunnar.

B. **Meðferð efnis.** Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbreytingar hafa verið gerðar á henni: a. Einstökum setningum er sleppt. b. Heilum köflum er sleppt, t. d. á einum stað 5 kapitulum. c. Einstakar setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. Samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til bera.

Allar þessar breytingar rýra stórlega efni sögunnar og breyta svip hennar, svo sem gerð var grein fyrir á fyrrnefndum fundi.“

Það mætti ætla, að dómur þessara vísu manna mundi hafa tekið af allan vafa um útgáfustarfsemi þessa, og útgefendur þeir, sem að þessu stóðu, byrjuðu ekki á nýjan leik á slíkri útgáfustarfsemi, en því er ekki að heilsa. Fyrir fáum kvöldum er það auglýst í Útvarpinu, að nú eigi að taka Njálu sömu tökum og Laxdælu og fara að gefa hana út, og það sem meira er um vert, að fullyrt er, að þetta sé gert með fullu samþykki núverandi menntamálaráðherra.

Njála er, eins og kunnugt er, talin eitthvert hið dásamlegasta listaverk að stíl, efni og málsmeðferð, sem nokkru sinni hefur verið fært í letur á íslenzku. Hún má ekki heldur sleppa hjá skemmdarverkum þessara manna. Vér, sem Njálu unnum, viljum með þessari þingsályktun sjá svo um, að þjóðinni gefist kostur á að eignast hana í ódýrri og vandaðri útgáfu, þar sem ekki finnist fingraför þeirra manna, sem allt vilja draga niður í sorpið og jafnvel þyrma ekki okkar dýrmætustu listaverkum eins og Njálu frá þeim örlögum.